

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um skipan sókna,
prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

1. gr.

Ákvæði 2. ml. 5. gr. starfsreglna um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998 falla brott.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-
hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. desember 2002.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um þjálfun prestsefna.

„STARFSREGLUR

um þjálfun prestsefna.

1. gr.

Biskup Íslands ábyrgist starfsþjálfun prestsefna og setur nánari fyrirmæli um innihald
hennar. Starfsþjálfunarnefnd skipuð af biskupi til fjögurra ára annast um framkvæmd starfs-
þjálfunar. Biskup setur nefndinni erindisbréf.

2. gr.

Starfsþjálfun skal tryggja að prestsefni öðlist sem mesta færni til að starfa sem prestur
þjóðkirkjunnar.

3. gr.

Heimilt er hverjum guðfræðinema sem hug hefur á kirkjulegu starfi að loknu námi, að
sækja um starfsþjálfun er hann hefur lokið 60 eininga námi við guðfræðideild Háskóla
Ísland hið minnsta.

4. gr.

Guðfræðinema skal skylt að taka þátt í starfsþjálfun með fullnægjandi hætti að mati starfsþjálfunarnefndar á hverjum tíma.

Fyrri hluta starfsþjálfunar sem veitir réttindi til að sækja um prestsembætti lýkur að jafnaði um leið og nemi lýkur kandidatsprófi. Síðari hluti starfsþjálfunar fer fram þegar kandidat hefur fengið embætti.

Kirkjuráð kveður nánar á um greiðslur vegna starfsþjálfunar að fengnum tillögum starfsþjálfunarnefndar.

5. gr.

Að loknum fyrri hluta starfsþjálfunar veitir starfsþjálfunarnefndin biskupi umsögn um guðfræðinema. Þar skal nefndin m.a. láta í té álit sitt á því hvort hlutaðeigandi sé hæfur til að gegna prestsembætti.

Að því loknu gefur biskup út staðfestingu á því að guðfræðinemi hafi lokið lögboðinni starfsþjálfun með fullnægjandi hætti og sé hæfur til að taka prestsvígslu.

6. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. 38. gr. og 59. gr. laga nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2003. Starfsreglur um þjálfun prestsefna nr. 736/1998 falla brott frá sama tíma.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

1. gr.

Orðið „prófasti“ í 2. mli. 15. gr. fellur brott.

2. gr.

Við 16. gr. bætist nýr málsl. svohljóðandi:

Hlutaðeigandi prófasti skal gefinn kostur á að lýsa við valnefndina sjónarmiðum sem varða prófastsdæmið í heild.